

MJALLHVÍT

Mjallhvít er fyrsta svokallaða standard húsið sem Belkod býður. Mjallhvít er samskonar hús og First Choice 1.0 Classic frá Mjöbäcksvillan. Mjallhvít er vel skipulagt og hentar barnafjölskyldum sérstaklega vel en einnig þörum og einstaklingum. Eldhús og stofa liggja saman í opnu og björtu rými og minni svefnherbergin eru í öðrum endanum með sér snyrtingu, tilvalið fyrir börn og/eða gesti. Stórt hjónaherbergið er með sér snyrtingu og fataherbergi. Þvottahús er inn af eldhúsi með hurð út í garð.

Mjallhvít er eitt umhverfisvænasta húsið á Íslandi í dag!



	Mjallhvít	Mjallhvít plús	Mjallhvít með bílskúr	Mjallhvít plús með bílskúr	Elsa
Stærð	154 m ²	176 m ²	193 m ²	215 m ²	107 m ²
Húsið	23.700.000	28.100.000	30.900.000	35.300.000	19.500.000
Teikningar	1.850.000	1.900.000	1.950.000	2.000.000	1.750.000
Sökkul- og gólfhitakerfi	1.900.000	2.050.000	2.300.000	2.480.000	1.700.000
Annað	6.600.000	6.750.000	6.820.000	6.980.000	5.700.000
Samtals	34.050.000	38.800.000	41.970.000	46.760.000	28.650.000

- ★ Verð eru einungis til viðmiðunar, ávallt þarf að uppreikna verð ef til kaupsamnings kemur
Miðað er við gengi (sek/isk = 13,000), og tölur eru námundaðar hér.
Allar tölur er með vsk. Fyrirvari gerður um innsláttarvillur

Hægt er að fá Mjallhvíti í nokkrum útgáfum

Skýringar

Húsið

Tilbúnaðar útveggjaeiningar með gluggum og svalahurðum(útihurðir fylgja með). Um er að ræða einangraða 195 mm grind með lektum utan á, útigfsplötu og málaðan panel og að innanverðu er rakasperra og lektur. Reim undir húsið og festiefni.

Í þakið kemur; gífs, lektur, rakasperra, einangrun(365 mm), samsettar kraftsperrur, klæðning, þakpappi og lektur undir þakjárn, (þakjárn fylgir ekki), en þakrennur og niðurfallsrör fylgja með. Gluggar eru timbur/ál með þreföldu gleri. Framleiðandi er Mjöbäcksvillan í Svíþjóð.

Teikningar

Allar nauðsynlegar teikningar sem skila þarf til byggingarfulltrúa, ásamt uppsetningateikningum frá framleiðendum.

Sökkul- og gólfhitakerfi

Sökkuleiningar með múrhúð að utanverðu, 30cm plasteinangrun undir plötu, járnsmottum og öllu steypujárni sem þarf í sökkulinn og festiefni.

Gólfhitakerfið samanstendur af rörum, festiskinum, lagnakistum, skáp, mælum, þrýstikút, lokum, stýrieiningum, hitastillum og því sem fylgir með slíku víruðu kerfi. Hægt að fá þráðlaust líka.

Hönnun kerfanna og allir útreikningar eru einnig inni í þessum lið.

Einnig er hægt að fá loftgólfhitakerfi í stað hefðbundins vatnsgólfhitakerfis. Sama virkni, sama nýtni, notar hitaveitu ef slík er til staðar, einnig hægt að hita með rafmagnselementum ef hitaveita er ekki til staðar. Lagnir í þessu kerfi eru 50 mm plastlagnir, sem koma tilbúnaðar til lagningar og er því mjög einfalt og fljótlegt að leggja slíkt kerfi. Virkni fyrir notanda er algjörlega samskonar og í hefðbundnu kerfi.


Verðmunur á slíku kerfi er frá ca 400.000 krónum.

Annað


Allar innréttingar og skápar skv. teikningu (fataskápar, rennihurðarskápur í anddyri). Öll heimilistæki (spanhelluborð, innbyggður ofn og örbylgjuofn, vifta, ísskápur, frystiskápur, uppvottavél, þvottavél og þurrkari). Hreinlætistæki, flísar og parket, LED lýsing í öll rými hússins með öflugum ljósastrykerfi. Innréttingar eru finnskar (ELEGA), annað er frá sænskum þekktum framleiðendum. Í bílskúr fylgja flísar á gólf, lím og fúga, sem og bílskúrshurð með opnara og fjarstýringum.

Afhending húss, sem og sökkul- og hitakerfis, er í verksmiðjum í Svíþjóð. Kaupandi nýtur góðra afsláttarkjara Belkods hjá íslenskum flutningsaðila.

Mjallhvít


154  m²

34 m.kr.




Mjallhvít með bílskúr

193 m^2
41,9 m.kr.




MJALLHVÍT plús

176  m²
38,8 m.kr



MJALLHVÍT plús með bílskúr

215  m²

46,7 m.kr.

